

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 15.04.2020
Tilv. 2020/0276 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um drög að frumvarpi til laga um viðskiptaleyndarmál

Vísað er til frumvarpsdraga til laga um viðskiptaleyndarmál eins og þau voru birt á Samráðsgátt þann 17. mars 2020. Neytendastofa óskar eftir að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Líkt og fjallað er um í greinargerð með frumvarpsdrögunum hefur Neytendastofa sinnt eftirliti með hagnýtingu atvinnuleyndarmála samkvæmt 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem ráðgert er að felld yrði úr gildi með gildistöku laga um viðskiptaleyndarmál. Hjá stofnuninni hefur myndast ágæt reynsla í framkvæmd slíkra mála, þrátt fyrir að mál tengd atvinnuleyndarmálum séu hlutfallslega mjög fá miðað við aðra málaflokka sem undir eftirlit stofnunarinnar falla, og telur stofnunin þær úrlausnir mála eftir sem áður geta gegnt mikilvægu hlutverki við ákvörðun um vernd slíkra leyndarmála. Greinargerð í frumvarpi er mikilvægt lögskýringargagn og því gagnlegt að þar verði vísað til ákvarðana Neytendastofu sem geta falið í sér fordæmi. Í því sambandi má vísa til ákvarðana nr. 13/2019, 21/2012, 14/2012, 8/2011, 4/2011, 42/2010, 39/2010 og 5/2009.

Í ljósi reynslu stofnunarinnar og að teknu tilliti til þess hvað frumvarpsdrögin fela í sér mikla útvíkkun verndarinnar og ákvæði sem snúa að fjárkröfum sem falla ekki undir eftirlitssvið stofnunarinnar, tekur Neytendastofa undir þau sjónarmið sem fram koma í kafla 3.7. í greinargerð um að stjórnarsýslulegt eftirlit verði felld niður.

Yrði farin sú leið að halda eftirliti hjá Neytendastofu í breyttri mynd til samræmis við frumvarpsdrögin telur stofnunin ljóst að um töluverða útvíkkun á eftirliti stofnunarinnar yrði að ræða sem fæli í sér aukinn kostnað fyrir stofnunina í formi aukinna stöðugilda.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir